

Torfbæi og torfhús má eigi reisa annarsstaðar en þar, sem hyggingar-nefnd leyfir.

72
23. maí.

26. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 króna, og skal sekta bæði smíð og eiganda, er hlut eiga að máli. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað tafarlaust rífa niður það, sem kemur í bága við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær er nefndin setur. Ella skal það gjört á hans kostnað.

27. gr.

Þykir byggingarnefnd samþykkt þessi ekki fullnægjandi, skal henni heimilt, að setja þær reglur, er hún telur nauðsynlegar. Þegar þær hafa náð staðfestingu stjórnarráðsins, hafa þær sama gildi og samþykkt þessi.

Framanskráð byggingarsamþykkt er sett samkvæmt lögum um byggingarsamþykktir 20. október 1905, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 23. maí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

73
24. maí.

um breyting á reglugjörð 1. mars 1917, um útflutningsbann á ýmsum vörum.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafanna útaf Norðurláfuófriðnum, er hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Bannað er að flytja út úr landinu eða selja úr landinu allar aðfluttar nauðsynjavörur svo sem matvæli, veiðarfæri, salt, kol, steinolíu o. s. frv.

Ennfremur er bannað að flytja út úr landinu eða selja úr landinu smjör, sem framleitt er hjer á landi.

73 Þó er heimilt að birgja upp vöruflutningaskip, sem sigla frá Íslandi til 24. maí. næstu erlendra hafnar, sem þau ætla að koma á.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. maí 1917

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

74
9. júní.

Reglugjörð

fyrir brunaliðið á Sauðárkróki.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaptúninu skal falin 3ja manna nefnd, og eiga sæti í henni hreppstjóri sem formaður, brunaliðsstjóri (þ. e. slökkviliðsstjóri samkvæmt lögum um brunamál 22. nóv. 1907) og 1 maður, er hreppsnefndin kys til 3ja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með að hlýtt sje fyrirmælum laganna um varnir gegn eldsvoða. Að ávalt sje fyrir hendi það sem hæfilegt og nægilegt þykir af eldvarnaráhöldum og að þeim sje haldið vel við og í góðu lagi. Kostnaður við útvegum og viðhald hverskonar eldvarnaráhalda greiðist úr sveitarsjóði. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum og hreinsun reykháfa og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

3. gr.

Brunaliðið skiftist í þessa flokka:

- a. Slökkvilið,
- b. Húsrifslíð,
- c. Bjarglið.
- d. Lögreglulið.